

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Hörður Oddfríðarson ritari, Magnús Tryggvason, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Árni Stefánsson, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir

Afboðuðu, mæta ekki: Guðrún Pálsdóttir

Fundur 08.09.2026 settur kl. 18.00

Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.

1. Mót og starfsemi

- a. Fundurinn hófst með því að Bjarni Snæbjörn Jónsson frá Hugsýn fór yfir stefnumótunarverkefni fyrir SSÍ sem samþykkt var að setja af stað á síðasta stjórnarfund. Vinna við þetta verkefni hefst strax á formannafundi þann 17. sept n.k. og síðan er tekinn sérstakur vinnudagur þann 2. okt n.k. Mikilvægt er að öll félög sendi fulltrúa til að taka þátt í þessari vinnu þannig að hreyfingin sé sammála um hvert við eigum að stefna í nánustu framtíð.
- b. Íslandsmeistaramót í Víðavatnssundi var haldið í Nauthólsvík 22. júlí síðastliðinn. Veðurskilyrði voru frekar slæm en það var rok og rigning en keppendur létu það ekki á sig fá. Alls tóku 21 keppandi þátt og keppt var í 1, 2 og 3 km sundi ýmist með eða án galla. Í lok móts voru krýnd sunddrottning og sundkóngur víðavatnssundsins. Mikið flækjustig myndaðist í stjórnsýslu borgarinnar í aðdraganda mótsins en að lokum fékkst leyfi til að halda mótið að þessu sinni.
- c. Bikarkeppni SSÍ verður haldin í Reykjanesbæ 26. september n.k. og keppt verður í tveimur deildum. Mótið verður 4 mótshlutar innan dagsins. Mótið er keyrt mjög þétt. Fyrir í sumar var samþykkt ný reglugerð fyrir keppnina sem er í fundargögnum. Haldið verður lokahóf að lokinni keppni þar sem sundfólk ársins verður m.a. valið.
- d. Formannafundur verður haldinn 17. sept. n.k. þar sem farið verður yfir stöðu mála og jafnframt verður fundurinn notaður sem upphaf á sameiginlegri stefnumótun hreyfingarinnar. Mikilvægt er að öll lið mæti með a.m.k. 1 stjórnarmann og einn þjálfara á fundinn. Framhald stefnumótunar verður síðan 2. okt. í húsakynnum SSÍ.
- e. Gengið hefur verið frá ráðningarsamningum við Hrafnhildi Lúthersdóttur, Steindór Gunnarsson og Eyleif Jóhannesson um að taka við því starfi sem Eyleifur var í áður. Hrafnhildur mun gegna 100% starfi innan SSÍ annars vegar við miðlun og samskipti og hins vegar sem verkefnastjóri á afrekssviði. Áætlað starfshlutfall Steindórs er 40% og Eyleifs um 30%. Stjórn SSÍ býður nýtt starfsfólk velkomið til starfa.
- f. Bréf hefur verið sent á Afrekssjóð þar sem við bendum á að það myndist samfella í því mikilvæga starfi sem Eyleifur hefur verið að vinna fyrir okkur og að við höldum þeim þjálfarastyrkjum sem við fengum frá Afrekssjóði á síðasta ári.
- g. Formaður sendi erindi á forsvarsmenn íþróttamannvirkja í Reykjanesbæ þar sem óskað var eftir því að næst þegar að við höldum stór mót eins og AMÍ þá er óskað eftir því að mannvirkið verði lokað fyrir sundgesti á meðan.
- h. Rukkun vegna meðlimagjalda hefur verið send á öll félög og innheimta þeirra gengur vel.
- i. Ekki hefur verið fyllt í skarð Júlíu Þorvaldsdóttur í stjórn SSÍ en fólk verður hlerað á formannafundi 17. sept. Það styttest í næsta sundþing og æskilegt væri ef nýr stjórnarmaður væri tilbúinn að starfa áfram með hreyfingunni ef fylla þarf í einhver skörð á næsta sundþingi.
- j. Mótastjóri fór yfir innleiðingu Tempus-kerfisins. Kynning á kerfinu fer fram á formannafundi þann 17. september en kerfið mun gerbreyta öllum skráningum og

utanumhaldi gagna í hreyfingunni. Boðið verður upp á námskeið samhliða og kerfið verður gefið út.

2. Í gærkvöldi hélt formaður mótanefndar fund með dómaranefnd og fulltrúum frá ÍRB varðandi næstu mót sem eru bikar og verkefnið Ísland–Færeyjar. Búið er að manna Ísland–Færeyjar verkefnið. Farið var yfir uppsetningu bikars og talað um að setja mótið upp í 4 hluta þó að það sé innan sama dagsins.

3. Afreksmál

- a. Eins og kom fram hér að ofan þá er búið að ráða í starf Eyleifs og mun sá hópur eiga fundi a.m.k. einu sinni í mánuði þar sem gerð verður formleg fundargerð sem tekin verður fyrir á stjórnarfundum og farið var yfir fyrstu fundargerð á fundinum.
- b. Sumarið hefur verið mjög viðburðaríkt í starfi okkar og hér getur að líta helstu verkefni:
 - **7.-12. júlí Evrópumeistaramót unglunga í München**
EMU í ár var næst sterkasta mótið frá upphafi. Árangur Íslenska liðsins hefði mátt vera betri en þau komu heim reynslunni ríkari.
 - **13.-26. júlí Æfingabúðir fyrir EM50-hópin á Mallorca.**
Æfingabúðirnar gengu vel en það var annsi heitt á þessum tíma á Mallorca.
 - **10.-16. ágúst Evrópumeistaramótið (EM50) í París**
EM50 hefur aldrei verið sterkara en í ár.
Íslenska sundfólkið var skráð í 24 einstaklingsgreinar og bætti sig í sex þeirra, sem jafngildir 25% bætingahlutfalli. Þar á meðal var fyrsti sprettur Guðmundar Leos í boðsundinu. Flestir voru jafnframt að synda sinn besta eða næstbesta tíma á alþjóðlegu meistaramóti, en flestir eiga sína allra bestu tíma úr úrslitum á Íslandsmeistaramóti. Karlaliðið setti einnig Íslandsmet í 4 x 100 m fjórsundi á 3:43,14.
- c. **11.-13. september Ísland - Færeyjar í Reykjanesbæ**
 - Búið er að velja 20 einstaklinga fyrir þetta verkefni og upplýsingar hafa verið sendar út. Íþróttabandalag Reykjanesbæjar er tilbúið að hjálpa okkur að leysa þetta verkefni. Gist verður í skóla og matur kemur frá Skólamat. Það eru þau Hrafnhildur Lúthersdóttir, Steindór Gunnarsson, Daníel Lúkas frá SH, Gunnar Freyr frá UMFA, Hilmar Smári frá Breiðablik og Sveinbjörn Pálmi frá ÍRB.
 - Sameiginleg æfing er á föstudagskvöld, mótið hefst kl 14.00 á laugardaginn og stendur yfir í klukkustund, síðan verður hlé og mótið hefst aftur kl 16:00
- d. Mælingadagar landsliðisins verða dagana 30.09 – 01.10 í Ásvallalaug einnig verða styrktarmælingar hjá Milos.
- e. Fræðslu og æfingadagur 3. okt í Laugardalslaug.

4. Fundargerðir innan SSÍ

- Fundargerð „Media“ fundar frá 5. ágúst 2026
- Skýrsla farastjóra frá EM í París
- Skýrsla farastjóra frá EMU í München

5. Aðsend bréf:

Dags	Efni	Sendandi
24.08.2026	Stefnumótun íþróttahreyfingarinnar	WBP

6. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Sunna Arnfinnsdóttir	ÍA	Ægir	11.08.2026	09.09.2026
Viktória Vaslie	KR	Ármann	31.08.2026	29.09.2026
Þórður Karl Steinarsson	KR	Ármann	29.08.2026	27.09.2026
Ásberg Halldór Hansson	Ægir	Ármann	28.08.2026	26.09.2026

7. Staðfesting meta / afreka

Grein	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
4x100 m fjórsund	Guðmundur Leó Gylfason	ÍRB	3:43,14	16.08.2026	París
	Símon Elías Statkevicius	SH			
	Einar Margeir Ágústsson	ÍA			
	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH			

8. Önnur mál:

- Ársfundur European Aquatics verður haldinn þann 8.-10. október í Baku í Aserbaídsjan.
- Ritari sagði frá EM garpa í Slóveníu frá því í ágúst og vildi taka sérstaklega fram að Viktória Gísladóttir formaður dómaranefndar stóð sig einstaklega vel á mótinu

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 19.45